

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hól mavíkurhreppi.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 595/1995 um hunda- og kattahald í Hól mavíkurhreppi, skal vera kr. 6.000 á ári.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. janúar og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. febrúar.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hól mavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Ölfushrepps um þá starfsmenn hreppsins sem ekki hafa heimild til verkfalls samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skráin er svohljóðandi:

1. Sveitarstjóri Ölfushrepps.
2. Skrifstofustjóri Ölfushrepps.
3. Hitaveitustjóri Hitaveitu Þorlákshafnar.
4. Hafnarstjóri Þorlákshafnar.
5. Byggingafulltrúi/tæknifræðingur Ölfushrepps.
6. Forstöðumaður áhaldahúss.
7. Forstöðumaður heimaþjónustu og sambýlis að Selbogsbraut 1.

Þorlákshöfn, 21. janúar 1997.

F.h. Ölfushrepps,

Guðmundur Hermannsson, sveitarstjóri Ölfushrepps.